Hversvegna nota bændur ekki söl
til fóðurbætis handa skepnum?
1 blað. Reykjavík, 6.júlí 1942.



Síðasta tölublað ritsins, Dýraverndarans, 4. tbl., flutti athyglisverða greinarkafla og þarflega mjög um „Fyrningu", eftir norðlenzkan bóndason. Að lestri greinarkafla þessum loknum, lét ég mér til hugar koma að spyrja sjálfan mig og aðra:

Hvernig stendur á því að bændur landsins til sjós og sveita hafa nú um langt skeið vanrækt það með öllu, að notfæra sér ... fóður manna og dýra, ódýrt mjög og auðfengið, fóðurbæti svo góðan, að hann er betri en gulrætur, baunir, salat, spínat og annað kálmeti, ígildi mjöls, a.m.k. að ¼ hluta, að gæðum og verði; fóðurbæti, er eykur mjólkurmagn kúa um þriðjung og fitar sauðfé, sem annars lifir á léttu fóðri svo, að það er aldrei betur undangengið allan ársins hring en þó, er það hefir fengið það í gjöf?

Án þess að endurtaka margt af því, sem ég hefi áður bent á í þessum efnum, bæði í útvarpserindum, meðan ég átti þar aðgang og í blaðagreinum, m.a. í Lesbók Morgunblaðsins,

Lað 1. tölubl. 1933 og víðar, vil ég geta þess hér, Það eru sölin, sem ég á við, og að þau eru að finna víðsvegar við strendur landsins, að þau má geyma frá ári til árs, og að því betri eru þau og lostætari mönnum og dýrum, sem þau verða eldri, ef vel er um þau búið. Og spyr því aftur: Hversvegna nota menn sér ekki þessi gæði?

Vita menn ekki, að einhæft fóður verður ekki að hálfu gagni á móts við það, ef blandað væri öðru bætiefnaríku fóðri? Vita menn ekki, að ein vætt (svo útþvæld sé til tekið) af sölvum, er talin jafngild 10–tíu–vættum af góðu heyi, jafnvel töðugjafa?

T en Vætt sölva var áður seld á 10 til 12 krónur (nú er hún miklu dýrari), hvað kostar heyið, hrakið og myglað? Væri ekki gott að eiga 1 eða 2 vættir af velverkuðum sölvum á vordegi í verstu harðindunum, þegar öll hey eru á þrotum?

Leiðbeiningar um öflun sölva, gildi þeirra, verkun og geymslu, er ég fús til að veita þeim, er þess kynni að óska, – alveg að kostnaðarlausu.

Reykjavík, 6. júní 1942.

Jón Pálsson